# Pöntunarþjónusta hefst í iðnaðarhverfið Hellnahraun í Hafnarfirði

Þann 1. febrúar næstkomandi mun ný leið númer 26 bætast við leiðakerfi Strætó og mun hún þjónusta iðnaðarhverfið Hellnahraun í Hafnarfirði. Endastöð leiðarinnar verður við Ásvallalaug og þar verður möguleiki á að skipta yfir í leiðir 1 og 19. Einnig er hægt að nálgast leið 21 í Háholti með því að nýta göngubrúna sem þverar Reykjanesbrautina.

Leið 26 verður í pöntunarþjónustu sem þýðir að viðskiptavinir panta ferð með því að hringja í Hreyfil í síma 588 5522, minnst 30 mínútum fyrir áætlaða brottför samkvæmt tímatöflu. Aðeins er hægt að greiða fyrir ferðina í leigubílnum með því að sýna Strætókort, KLAPP kort, fargjald í KLAPP eða KLAPP tíu.

Í boði verða 5 ferðir á hálftíma fresti í hvora átt kl. 7-9 virka daga og 7 ferðir á hálftíma fresti kl. 15-18 virka daga.

***Leið 26 og staðsetningar stoppistöðva***




***Tímatafla***

| | | 7:42-9:12 | | 15:07-17:37 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Mín. yfir klst. | | Mín. yfir klst. | | |
| Ásvallalaug | 7:12 | 12 | 42 | 07 | 37 | 18:07 |
| Berghella | 7:16 | 16 | 46 | 11 | 41 | 18:11 |
| Steinhella | 7:17 | 17 | 47 | 12 | 42 | 18:12 |
| Rauðhella | 7:18 | 18 | 48 | 13 | 43 | 18:13 |
| Gjáhella | 7:19 | 19 | 49 | 14 | 44 | 18:14 |
| Breiðhella | 7:20 | 20 | 50 | 15 | 45 | 18:15 |
| Okuskóli | 7:23 | 23 | 53 | 18 | 48 | 18:18 |
| Álfhella | 7:25 | 25 | 55 | 20 | 50 | 18:20 |
| Sorpa Breiðhellu | 7:26 | 26 | 56 | 21 | 51 | 18:21 |
| Ásvallalaug | 7:30 | 30 | 00 | 25 | 55 | 18:25 |